

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Siglufjarðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir um hundahald á Siglufirði.

Umhverfisstjórnuneytinu, 21. janúar 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Búðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Búðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald kr. 4.950 á hvert sorpílát.

Sorpeyðingargjald kr. 3.850 á hvert sorpílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af sveitarstjórn Búðahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 87/1999.

Fáskrúðsfirði, 24. janúar 2000.

F.h. Búðahrepps,

Steinþór Pétursson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag Herjólfsdals, Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulags- og byggingalögum hefur bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann 10. júní 1999 samþykkt deiliskipulag Herjólfsdals í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið tekur til svæðis sem afmarkast af norður- og austurhlíðum Dalfjalls og legu golfvallarins að vestan og gerir ráð fyrir útivistarsvæði, opnu svæði til sérstakra nota.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 13. janúar 2000.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja,

Guðjón Hjörleifsson bæjarstjóri.